

Hafnarnefndarfundur

Föstudaginn 6. júní 2008 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 8.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sævar Hallgrímsson, Gunnar Sveinsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri. Jóhann Sigurjónsson boðaði forföll. Þórey Jónsdóttir kom á fundinn undir lið 4 og 5.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Gjaldskrá hafnarinnar.

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðaðri gjaldskrá hafnarinnar. Tillagan byggir á eldri útgáfu gjaldskrárinnar að mestu leyti en hefur verið uppfærð miðað við verðlag. Nokkur atriði höfðu þó verið tekin til endurskoðunar í ljósi reynslu og þess hvernig þróun hefur almennt orðið í gjaldskrármálum hafna.

Hafnarnefnd gerði minniháttar breytingu á tillögunni en samþykkti gjaldskrána síðan og miðast gildistaka hennar við 1. júní 2008.

2. Fjármál hafnarinnar:

a. Ársreikningur 2007

Fyrir fundinum lá ársreikningur hafnarinnar sem er hluti samstæðuársreiknings sveitarfélagsins. Í reikningnum kemur m.a. fram að rekstrartekjur námu 26.5 milljónum og rekstrargjöld 20,5 milljónum. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 6.020 þús kr. Hafnarnefnd ræddi niðurstöður ársreikningsins og fór yfir einstaka rekstrarþætti.

b. Fjárhagsáætlun 2008.

Fjárhagsáætlun fyrir höfnina lá fyrir fundinum. Í áætluninni er gert ráð fyrir minni tekjum en árið 2007 og að rekstrarkostnaður dragist heldur saman. Rekstrartekjur eru áætlaðar 16,8 milljónir og rekstargjöld án afskrifta og fjármagnsliða verði 18,8 milljónir. Áætlaður halli ársins er tæpar 4,3 milljónir. Miklar umræður urðu um áætlunina en ekki gerðar sérstakar ályktanir vegna hennar.

3. Samgönguáætlun 2009-2012.

Fyrir fundinum lá bréf sem sveitarstjóri ritaði Siglingastofnun vegna endurskoðunar samgönguáætlunarinnar ásamt umsókn um framlag ríkisins til framkvæmdanna í samræmi við áætlunina.

Umræður urðu um hafnarmannvirki og var sveitarstjóra falið að leita upplýsinga um lágmarksviðgerðir á Ásgarði miðað við að reka niður staura þar sem hrunið hefur úr bryggjunni.

4. Viðhald og rekstur dráttarbrautarinnar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum í rekstri og viðhaldi dráttarbrautarinna og hvaða viðhaldsþættir hafi verið teknir fyrir við brautina.

5. Önnur mál.

Umræður urðu um upptökubraut fyrir smábáta. Sveitarstjóri skýrði helstu hugmyndir um lausnir þar og fleiri hugmyndir voru síðan ræddar. Samþykkt að fela sveitarstjóra að fá kostnaðarmat á lausnum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10.50

Adolf H. Berndsen

Árni Sigurðsson

Sævar Hallgrímsson

Gunnar Sveinsson

Magnús B. Jónsson

Þórey Jónsdóttir